

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Sölvhólsgötu 7

101 Reykjavík

Hvalfjarðarsveit 26. febrúar 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga, mál nr. 29/2020

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur tekið fyrir, fjallað um og samþykkt að senda inn umsögn við Frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga í samræmi við áðursendar umsagnir sveitarfélagsins á fyrri stigum.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur á öllum stigum málsins mótmælt framkomnum hugmyndum um lögbvingaðar sameiningar sveitarfélaga og setningu laga um lágmarksfjölða íbúa. Ekki verður með góðu móti séð hvernig það að festa íbúafjölda við 1.000 íbúa lágmark hafi nokkur teljandi áhrif á sjálfbærni eða aukinn styrk sveitarfélaga. Frumvarpið tekur að engu leyti tillit til ólíkra samfélagsgerðar, landfræðilegra aðstæðna eða stöðu og styrks hvers sveitarfélags.

Hvalfjarðarsveit hefur sýnt mikinn metnað í því að uppfylla lögbundna og venjubundna þjónustu við sína íbúa. Sterkir tekjustofnar og ábyrg fjármálastjórn er meginforsenda og undirstaða þess að unnt sé að veita þá þjónustu sem er bæði skylt og valkvætt að veita íbúum sveitarfélagsins. Innviðauppbrygging sveitarfélagsins hefur verið mikil frá sameiningu þeirra fjögurra sveitarfélaga sem nú mynda Hvalfjarðarsveit. Staða sveitarfélagsins er fjárhagslega sterk og tengsl stjórnsýslunnar við íbúa nán og sterk. Geta sveitarfélagsins til að sinna og ráða málefnum sínum á eigin ábyrgð og forsendum er mjög góð og ræður þar reynsla stjórnsýslunnar og fjárhagsleg staða miklu. Hvalfjarðarsveit er fyllilega sjálfbært í sínum málum og stendur undir skuldbindingum sínum hvað varðar alla þjónustu, lögbundna eða valkvæða, hvort sem hún er intt af hendi af sveitarfélagini sjálfu eða í gegnum samninga við önnur sveitarfélög.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar telur að íbúafjöldi sveitarfélags eigi ekki að vera mælistika á styrk þess til reksturs lögbundinna verkefna. Sjálfbærni sveitarfélags er mun mikilvægarí þáttur en lágmarksíbúafjöldi sem grunnur að styrk. Sveitarstjórn telur það ólyðræðislegt að ætla að þvinga sveitarfélög til sameiningar gegn vilja þeirra með því að setja lög um lágmarksíbúafjölda án þess að íbúar eigi þess kost að greiða atkvæði þar um. Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar telur mikilvægt að líta



til styrks sveitarfélags sem telur færri en 1.000 íbúa og getur staðið undir lögbundnum verkefnum, veitt almenna þjónustu við íbúa, hvort sem hún er lögbundin eða valkvæð, og er sjálfbært að öllu leyti. Sérstaklega þarf að skoða hver staða slíks sveitarfélags yrði við sameiningu þar sem sameining sem ekki skilar hagræðingu í rekstri á ekki að eiga rétt á sér. Sameining sveitarfélaga eða stærð þeirra er ekki endilega ávísun á sjálfbærni eða aukinn styrk til reksturs lögbundinna verkefna.

Í 2. kafla frumvarpsins er einnig fjallað um fjárhagslegan stuðning við sameiningar og í því sambandi vill sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar koma þeirri skoðun á framfæri að tekjur Jöfnunarsjóðs eigi ekki að nota sem umbun eða plástur til sameininga sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar mótmælir harðlega þeim áformum sem fram koma í frumvarpi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, að beita lögþvingunum með lágmarksíbúafjölda til sameiningar sveitarfélaga á Íslandi. Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hvetur ráðamenn til að virða sjálfsákvörðunarrétt íbúa í málefnum síns sveitarfélags en tillagan um lágmarksfjölda íbúa er sem slík í algjörri andstæðu við þær lýðræðislegu áherslur sem koma fram að öðru leyti í tillöggunni.

Virðingarfyllst
SVEITARSTJÓRNI
Hvalfjarðarsveitar
Linda Björk Þaleðóttir
sveitarstjóri

